

# Lög

**um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins,  
nr. 1/1997, með síðari breytingum (iðgjald launagreiðanda).**

---

1. gr.

2. másl. 4. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótfamlagi launagreiðenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins, sbr. þó 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 17. desember 2011.*

